

Erindi flutt fyrir Kvinnalistasakonu um kvöld á landsfundi að Básu í Ölfusi dagana 27.-29. október 1989.

Góðu Kvinnalistasakonu,

Þegar ég var beðin, á síðasta þingflokksfundi, að segja hér nokkur orð um efnið: „Hvernig er að vera Kvinnalistasakona“ flögraði strax að mér úrtöluhrákan, þarna vanmetakenndarinnar sem eltir okkur allar á röndum. Þetta er enginn fyrirvari, dettur þeim virkilega í hug að ég geti sagt eitthvað skemmtilegt eða uppbyggilegt? Auðvitað sagði ég ekki nei, svo mikið hef ég þó lært á sjö árum. Og þögn er sama og samþykki. Þá er það ákveðið sagði nýi þingflokksformaðurinn snaggaralega og vék að næsta máli.

En hvernig er það að vera Kvinnalistasakona? Satt að segja hugsa ég yfirleitt ekki þannig: að ég sé Kvinnalistasakona. Hugsjónir og hugmyndafræði Kvinnalistasans eru svo samhljóma mínum eigin hugsjónum og skoðunum að það er eins og samgróid. Það er eins og að vera ég sjálf. Hins vegar fer ekki hjá því að viðbrögð annarra við hugmyndum okkar setja manni skorður skilgreininganna.

Það er líka talsverður munur á því að vera Kvinnalistasakona í hjartanu og kjörklefanum og að vera málsvari þessara hugmynda í heyranda hljóði á opinberum vettvangi, að hafa komið úr felum. Hvað er það þá sem rekur okkur úr felum? Ég hef oft undrast þessa bíráfni. Er þetta fífldirfska eða hugrekki, eða yfirþyrmandi neyð sem rekur meira og minna þrúðar, veluppaldar konur upp úr þóknanlegu og geðfelledu dagfari sínu? Manneskjur sem hingað til hafa aðeins ræst sig með gát, eru komnar einbeittar en skjálfaði inná stóra karlavinnustaði að tala um drauma sína um betri heim með titrandi röddum. Hvaða samkennd, fullvissa, eldur er þetta sem rekur okkur til þess að leggja allt undir, bjóða karlveldinu byrginn og segja því til syndanna? Með mannorðið að veði, þetta dýrmæta vegabréf sem vissulega gæti orðið eftir á vinnustaðnum, útvarpinu eða sjónvarpinu, en viðkomandi kona gæti þurft að ganga burt og kannski þyrði hún alls ekki heim eftir frammistöðuna og ætti einungis eitthvað óskilgreint og líklega óbrúklegt kvenorð eftir.

Hvaða kall er þetta í tímanum sem hóar okkur saman einmitt hér og nú? Er það ekki merkilegt, þrátt fyrir allt, hvað við erum margar sem höfðum séð ljósið? Því að það er enginn vafi á því að við erum sértrúarflokkur. Þetta finnum við svo vel þegar við erum í hópi heiðingja eða meðal hinna vantrúuðu sem ekki hafa einu sinni svo mikið sem séð ávæning af birtu þeirrar draumsýnar sem bíður við enda hina þröngu þrautaganga kvenreynslunnar um karlheima. Gagnstætt ýmsum öðrum trúarsamfélögum efumst við ekki um málstaðinn eða réttmæti hans en miklu fremur um eigin getu til að fylgja honum eftir. Það heyrir eiginlega til helgisiðanna.

Í þessum merkilega sértrúarflokki, þessari hjálpræðissveit, erum við að sjálfsögðu allar jafnar og skyldi þar engin láta augu, eyru eða önnur ytri skynfæri blekkja sig í því og við leggjum sannarlega metnað okkar í það að geta komið hver í annarrar stað, svona alfarið. Það hefur að vísu gefist illa á sumum heimilum en allt tekur þetta sinn tíma, líka hugarfarsbyltingin.

Þegar þess er krafist að við röðum okkur upp á hugmyndafræðilega lóðréttu framboðslista samkvæmt hefðum hins áður kynhreina stjórnmalavettvangs, þá kunnum við ráð við því og stillum okkur bara upp í stafinn V og segjum: Sú fyrsta gæti eins verið síðust og sú síðasta fyrst. Allar konur á okkar lista eru jafnmiklir frambjóðendur. Sumar lenda að vísu kannski inn í sveita- eða borgarstjórnnum eða á þingi, en að öðru leyti gildir auðvitað þessi jafnréttisregla

alveg. Næst gæti þetta orðið hringur hjá okkur. Sumir segja að í þessu stéttlausa kvenfélagi valddreifingarinnar, þessari einkar flötu grasrót (og er það furða að hún sé flöt eins og búið er að ganga á konum og yfir þær) sé nú samt svolítill tröppugangur. Ekki kannski beinir laumuformenn en í það minnsta stöku snarrót, jafnvel þúfur. En það er nú svo margt sagt. Auðvitað viðurkennum við fúslega að við erum með nokkur tímabundin ýlustrá, einhvern veginn þarf nú að láta heyra til sín. En, enga persónudýrkun. Því hefur heyrst fleygt að greiparnar á sumum Kvinnalistakonum séu eitthvað betur lagaðar fyrir kvenfrelsiskyndla en á öðrum og jafnvel verið þískrað um að það sé til í dæminu að kona hafi fæðst með lítinn kyndil í hendinni, en ég held að þetta séu nú einhverjar ýkjur. Eitt er þó víst að allar erum við nú að reyna að bera birtu í bæinn og svei mér ef ekki er ratljóst í kringum okkur, svona í það minnsta til að rata rétta leið eða lesa boðskapinn um nýjan og betri heim, ég tala nú ekki um ef við erum nokkrar saman.

Það er bara þetta með öðruvísaleikann, þótt hann geti verið svolítið pirrandi, ja svona stundum, þá er hann nú líklega einn af hornsteinum mannkynsins, þið fyrirgefið nú hvað þetta er hátíðlegt, næstum spýtukarlalegt orðbragð, en ég er viss um að Darwin hefði tekið undir það. Á sama hátt er hann auðlegð kvenkynsins og þar með Kvinnalistans og gerir okkur einmitt kleift að vera hreyfing sem hefur ekki bara margar hendur sem er margt og misjafnt til lista lagt eins og gyðjan Kali, heldur einnig mörg andlit og margar raddir. Þar liggur styrkur okkar og þar sem ævinlega er auðveldara að umbera styrk sinn en veikleika, ætti að reynast okkur léttara að umbera það hve ólíkar við erum. Það getur þó verið erfitt fyrir venjulega Kvinnalistakonu úti í bæ, ég tala nú ekki um óvenjulega, að þurfa að horfa upp á eina fulltrúa sinn á staðnum skæla sig mæðarlega í gegnum mikilvægan sjónvarpsþátt án þess að fá rönd við reist. - En það eru gerðar miklar kröfur til Kvinnalistakvenna, það vitum við víst allar. Það var minnst á það í umræðum í gær um samskipta- og stuðningsnet kvenna að skipulagsleysi og losarabragur hefði líklega orðið þess valdandi að þau samtök gliðnuðu og lögðu upp laupana. Óttast var að sömu veikleika kynni að gæta hjá Kvinnalistanum. Skyldum við þekkja það! Það er nú ekki í fyrsta sinn sem við erum vændar um losarabrag og skipulagsleysi. Reyndar hefur það jafnvel verið kallað lausung hjá sumum fjölmiðlum en það finnst mér nú of langt gengið (enda mjög tvírætt). Ekki veit ég hvort skipulagt kaos eða kaotískt skipulag á betur við á stundum um hin merkilegu og valddreifðu vinnubrögð okkar en það allra merkilegasta við þau er þó hve vel þau hafa reynst þrátt fyrir allt. Ég er reyndar alltaf jafnuhrandi að ekki skuli fleiri félagsfræðingar hafa forvitnast til að rannsaka þá merkilegu samskiptatilraun sem Kvinnalistinn er, sérstaklega þegar maður hugsar um öðruvísaleikann. Ég held nú að galdurinn og skýringin á velgengni okkar sé ofur einfaldur: Við höfum borið gæfu til að meta það mikilvægara sem sameinar okkur en það sem sundrar okkur, mikilvægara það sem er líkt með okkur en það sem er ólíkt. Þó er ég viss um að leiðir að þessu svári eru flóknar.

Auðvitað eru því miður stundum mjög fáar konur viðstaddar til að taka svona typiska valddreifða ákvörðun en það er ekki við neina að sakast (nóg er nú sektarkenndin samt) og yfirleitt er vissulegra fljótlegra að taka slíka ákvörðun ef konur eru færri! Svo eru auðvitað svona smátílbrigði við sívinsælt lýðræðislagið. Það kemur kannski fyrir að erfiðar ákvarðanir eru einhvern veginn teknar á fjölmönnum, löngum fundi. Samt kraumar enn í brjóstum sem geta fundið til og fyrr en varir hafa konur skotið á öðrum fundi eða fundum úti í bæ og létta þar á þeim hug sem ekki var tjáður af hreinskilni á stærra fundi. Þar gerjast svo hin breytta ákvörðun sem síðar kemur öðrum konum svolítið á óvart því þær héldu að ákvörðun hefði þegar verið tekin. En svona er nú einu sinni lífið í kvennabaráttunni, stöðugt endurmat. Sumir segja að flokkseigendafélagið sé dálítið slæmt með þetta en það held ég að sé einhver godsögn. Í fyrsta lagi vitum við ósköp vel að Kvinnalistinn er alls ekki flokkur, heldur

hreyfing, það höfum við allar sagt margoft, bæði við innlenda og erlenda fréttamenn. Í öðru lagi (þið fyrirgefið, ég er bara að verða alveg eins og þið vitið hver, svona er þessi mengun, næstum því ósýnileg). Nú, í öðru lagi veit ég ekki til þess að við í Kvinnalistanum eigum neitt sem mölur og ryð fær eytt eða hægt væri að taka frá okkur nema kannski kosningaréttinn og kjörgengið. Í þriðja lagi hef ég engan hitt sem veit hver viðurkennir að vera í þessu félagi sem ekkert er og ekkert á.

En það sem er kannski mest heillandi við þessa hugsjónaríku og ekki alveg fullkomnu ákvarðanatökuaðferð okkar er sú stöðuga leit og andlega hreyfing sem henni fylgir. Þau samskipti og félagslegu tengsl sem hún krefst og það nauðsynlega endurmat sem henni er samfara. Hún stuðlar að stöðugri þróun. Hún krefst þess reyndar einnig að við hlustum hver á aðra. Þó að við kvíðum reyndar allar mest fyrir því að tala, a.m.k. opinberlega, þá er yfirleitt miklu erfiðara að hlusta, einkum að hlusta vel.

En hvornig er þá að vera Kvinnalistakona? Ég var þegar búin að svara, að það væri óaðskiljanlegt frá því að vera ég sjálf. Ég gæti líka sagt að það væri óhjákvæmilegt. Mér finnst það reyndar ótrúlega gefandi og skemmtilegt. Bæði vegna þess að það gerir kröfur til mín sem manneskju og ekki síður vegna þess að það færir mér ómetanlega auðlegð sem er samheldni og vinátta fjölda góðra kvenna. Það að mega vinna í slíkum félagsskap að mótun og framkvæmd nýrra hugmynda til að bæta þjóðfélagið eru mikil forréttindi. En, það getur líka verið eins og áður kom fram og ekki víst að ofurkonur verði langlífur í landinu.

Ég minntist áður á kröfurnar. Þær sem við fengum ekki í vöggugjöf, berum við á bakinu með okkur inn í Kvinnalistan, en það er eins og með kjarnorkuvopnin, það eru fleiri sprengjur en skotmörk. Hjá okkur eru það fleiri kröfur en konur. Þó að við séum merkilega margar eins og ég sagði áðan, þá eru þó enn of fáar konur að breyta heiminum og nýliðun ekki nógu hröð. Við heyrðum að tala hinna þrautseigu sjö væri heilög. Ég vildi nú heldur segja að hver kona væri heilög tala og í Kvinnalistanum er það svo að þær sem ekki voru fjölhæfar fyrir eru orðnar það.

Kvinnalistakonan þarf að geta samið áróðursbæklinginn, bæði skrifað hann og myndskreytt hann skemmtilega, annast prentun, útgáfu og dreifingu, farið á vinnustaðafundina og sannfært fólkið, bakað kökuna, plantað græðlingunum, selt hvorutveggja og öll gömlu fötin og harðfiskinn en hvorki ömmu sína, sjálfa sig né heldur hugsjón sína. Hún þarf að geta saumað huldukonukjólinn, sungið í honum lagið, samið ræðuna, flutt hana og að sjálfsögðu verið bæði öðruvísi og best af öllum og alltaf fersk og ný. Hún þarf vitanlega að geta farið bæði í útvarp og sjónvarp án þess að deyja eða þegja, skrifað greinina, farið í sveita- eða borgarstjórnina eða á Alþingið. Síðan þarf hún að geta hlaupið í skarðið þar sem með þarf. Hún þarf að lægja metnað sinn til að finna samhljóminn, hana má ekki langa mjög mikið eða græðgislega og allt þetta á hún helst að gera á fremur elskulegan (þó alls ekki væminn) en mjúkan og valddreifðan hátt.

Og þar vikur sögunni að Kráku eða Áslaugu í hörpunni, dóttur Brynhildar Buðladóttur og Sigurðar Fáfnisbana sem hér kemur við sögu í þriðja sinn í dag og engin furða, aðra eins ævi og sú kona átti frá blautu barnsbeini eða allt þar til hún leysti þrautirnar eða svo skulum við vona. Og gleymum því ekki að hún leysti þrautirnar. Það skiptir máli. Það varð áfangi hennar í átt að meira frelsi. Áslaug leysti hið óleysanlega. Í línudansi sínum milli verkefna og krafna, sektarkenndar og frelsisþrár verða svo Kvinnalistakonur að hafa að minnsta kosti annað eyrað við innri röddina. Þær þurfa ekki endilega að trúá á álfa en það er hjálpræði fólgið í því að trúá því að við getum gert hið ómögulega, leyst hið óleysanlega, bæði þú og ég og við allar.

Hvers vegna varð ég feministi velti átrölsk kona fyrir sér í formála að bók. Líklega af því að móðir mín trúði svo á mig. Hún fyllti mig sjálfstrausti. Þú getur allt sem þú vilt, sagði hún. Nei, ég get ekki allt sem ég vil, svaraði ég, ég get til dæmis ekki lyft hesti. Víst geturðu lyft hesti, bara ef þú vilt það nógu mikið.

Þannig stuðning getum við og verðum að veita hver annarri, að trú á sjálfar okkur og hver á aðra. Þess vegna verðum við að gæta okkar á því að yfirfæra ekki eigin vanmetakennd, óánægju og öryggisleysi yfir á aðrar konur, gera þær ekki að blóraböggjum. Búa okkur ekki til óvinaímyndir, gæta að hugsunum okkar og orðum.

Við göngum nú til fimmtu kosninganna á sjö árum. Það er enginn smátollur sem kosningabarátta tekur af þessari lífsorku kvenna sem streymir um aðra farvegi. Lífsorku sem stöðug eftirspurn er eftir og samkeppni ríkir um. Einmitt vegna þess að við viljum sjá baráttu okkar bera ávöxt, fá að vera með í uppskerunni, fyllumst við vonbrigðum og þreytu þegar við skynjum að við eigum við aldalangan arf að stríða og hlutskipti okkar er áfangi, forréttindin að fá að vera með í þessum áfanga.

Við skulum ekki láta sem við getum litið framhjá þeim skyldum og þeirri ábyrgð sem við vitum allar að er okkar. Nýjar leiðir og gamlar verðum við að fara, margslunginn seiður er minnsti skammtur. Á meðan er ekki verra að vera lausfræva og hrista sig vel svo fræin hrynji og flýti fyrir nýliðun og þétti raðirnar. Reynslunni miðlum við ekki nema að vera með.

Áfram stelpur!